

KIRKJUGARÐARÁÐ

114. fundur haldinn 16. júní 2014 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Mætt voru Ragnildur Benediktsdóttir, Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð. Valtýr Valtýsson.

Gestur fundarins var Berglind Danielsdóttir frá Deloitte.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 13:15 og farið yfir fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Framlag ríkisins til kirkjugarða - Ársreikningur 2013

Kynning frá Berglinni Danielsdóttur, Deloitte. Reikningurinn var samþykktur og undirritaður.

3. Tillaga um breytingar á gjaldskrá aukaverka presta v/útfara o.fl. Beiðni innanríkisráðuneytisins um umsögn Kirkjugarðaráðs

Þórsteinn Ragnarsson kynnti.

4. Svar við beiðni KGA um álit vegna túlkunar á viðmiðunarreglum Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga við að gera land grafarhæft

Sambandið og KGA voru ekki sammála um hönnun og eftirlit á slíkum framkvæmdum. Á síðasta fundi var ákveðið að fá álit frá Hirti Stefánssyni. Hann komst að annarri niðurstöðu en lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga. Valtýr átti fund með skipulagsnefnd Sambandsins og kom þar fram vilji frá lögfræðingi sambandsins að ræða málið. Valtýr er falið að fá fund með sambandinu til að ræða ágreiningsmálið. Þórsteinn og Guðmundur Rafn munu fara með á fundinn. Kristín Huld vék af fundi eftir þennan lið.

5. Aðalfundur KGSÍ. Haldinn í Borgarnesi Ályktun o.fl.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ. gerði stutta grein fyrir fundinum og ályktun fundarins sem send var innanríkisráðherra og fjármála- og efnahagráðherra, þar sem m.a. kom fram, að fundurinn fagnaði því að innanríkisráðherra hafi skipað þriggja manna nefnd eftir tilnefningu frá innanríkisráðuneyti, fjármála- og efnahagsmálaráðuneyti og kirkjugarðaráði til að fara yfir fjármál kirkjugarða, m.a. skýrslu Haraldar L. Haraldssonar hagfræðings sem kom út árið 2013, samkomulagið milli ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 og fleiri brýn mál er snerta málaflokkinn, s.s. frumvarp til laga um breyting á lögum um kirkjugarða sem bíður afgreiðslu þingsins. Lögð er áhersla á að þau mörgu brýnu málefni kirkjugarða, sem verið hafa á borði innanríkisráðherra, verði afgreidd í framhaldi af störfum nefndarinnar.

6. Næsti fundur/ferð

Ákveðið að halda næsta fund á Ísafirði mánudaginn 8. september og fara í leiðinni í heimsók í nokkra garða í nágrenni Ísafjarðar.

7. Önnur mál.

8. Opnun heimasíðu Kirkjugarðaráðs

Biskup Íslands opnaði heimasíðu Kirkjugarðaráðs sem unnin var af Sigurði Skúla Sigurgeirssyni tölvunarfræðinema við Háskóla Íslands og var heimasíða jafnframt lokaverkefni hans í BS. námi í tölvunarfræðinni.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl.15:20.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari